

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 8. október 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir, Þröstur Helgason og Jóhann R. Kristjánsson. Guðrún Kvaran formaður var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 8/2019, 2. lið. Á fundinum var farið yfir skýrslu sem tekin var saman þegar málstefnan var fimm ára: <http://islenskan.is/images/islensk-malstefna-fimm-ara-stadan-metin.pdf>.

Einkum var rætt um hlutverk skólakerfisins í viðgangi tungunnar, vefgátt með fjölbreyttum gögnum um íslensku og íslensku í almannarýminu sem hugsanleg viðfangsefni næstu fimm ára.

2. Heimasíða Íslenskrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 9/2019, 3. lið. Google Analytics hefur verið sett upp á heimasíðunni og fór ritari yfir helstu niðurstöður, s.s. fjölda heimsóknna og hvaða síður er mest skoðaðar. Ákveðið var að fá tilboð í nýtt tölvukerfi fyrir heimasíðu Íslenskrar málnefndar.

3. Önnur mál

a. Notkun móðurmálsins í markaðssetningu vöru og þjónustu

Sagt var frá rannsókn sem er að fara af stað innan Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum á markaðssetningu vöru og þjónustu við ferðamannastaði hér á landi. Íslenska virðist þar vera á undanhaldi og enska tekin við eða höfð jafngild.

b. Verkefnastjóri átaksins Áfram íslenska

Rætt var um að bjóða Helgu Guðrúnu Johnson, verkefnastjóra átaksins Áfram íslenska, á næsta stjórnarfund til að greina frá gangi verkefnisins.

c. Fundur stóru málnefndarinnar 23. október

Hann mun einkum snúast um endurskoðun málstefnunnar. Rætt var um að skipta fundarmönnum í þrjá hópa til að ræða einstök áhersluaatriði.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.30.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.